

Lýsing

Skrift, lestur, ritun, málfræði og framsögn.

Markmið:

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi geti:

- o Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- o Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- o Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á og lesið.
- o Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- o Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- o Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Lestur og bókmennir

Að nemandi geti:

- o 90% nemenda geti lesið 80 orð á mínútu, 50% nemenda geti lesið 120 orð á mínútu og 25 % geti lesið 145 orð á mínútu að vori.
- o Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- o Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- o Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- o Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- o Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- o Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- o Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- o Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- o Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.

Ritun

Að nemandi geti:

- o Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- o Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- o Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.

- o Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- o Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- o Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.
- o Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.

Málfræði

Að nemandi geti:

- o Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- o Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- o Raðað í stafrófsröð og gert grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- o Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- o Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- o Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.
- o Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- o Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- o Gert sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.

Námsefni:

Skinna, Sögusteinn, Lesrún 2, stafsetningarverkefni, Ítalíuskript, skrift 3-5 og ýmis verkefni frá kennurum.

Kennsluaðferðir:

- | | |
|------------------|---|
| 4. – 8.feb. | Skrift 1 bls., Skinna 2 blaðsíður (22 - 25), stafsetningaræfing nr. 16, sérnöfn, samnöfn og örnefni og Sögusteinn . |
| 11. – 15.feb. | Skrift 1 bls., Skinna 2 blaðsíður og Lesrún . |
| 14.-15.vetrarfrí | |
| 18. – 22.feb. | Skrift 1 bls., Skinna 2 blaðsíður og Lesrún . |
| 25.feb – 1.mars. | Skrift 1 bls., Skinna 2 bls. og Sögusteinn . |
| 4. – 8.mars. | Skrift 1 bls., Skinna 2 bls, Lesrún og stafsetningaræfing með stórum og litlum staf. |
| 5.starfsdagur | |
| 11. – 15.mars. | Skrift 1 bls., Skinna 2 bls., Sögusteinn og stafsetningaræfing með n og nn. Litla upplestrarkeppnin, æfingar. |
| 18. – 22.mars. | Skrift 1 bls., Skinna 2 bls., Lesrún og Hver á sér fegra föðurland? Fróðleikur um Huldu höfund ljóðsins. Litla upplestrarkeppnin æfingar. |
| 25. – 29.mars. | Skrift 1 bls., Skinna 2 bls., Sögusteinn og stafsetning með y reglunni. |
| 1– 5.apríl. | Skrift 1 bls., Skinna 2 bls., Lesrún og lýsingarorð. |

8. – 12.apríl.	Árshátíðarvika, reynt að fara í efni en spurning hvað næst.	
10.-11.árshátíð		
15. – 19.apríl.	Páskafrí	
23. – 26.apríl.	Skrift 1 bls., Skinna 1 bls., Sögusteinn og fundin nafnorð í umhverfinu og unnið með þau. Litla upplestrarkeppnin, æfingar.	Frí 25. apríl.
25.sumardagurinn fyrsti		
28.apríl – 3.maí.	Skrift 1 bls., Skinna 2 bls., Lesrún og fundin lýsingarorð í umhverfinu og unnið með þau. Litla upplestrarkeppnin, æfingar.	Frí 1. maí
6. – 10.maí.	Skrift 1 bls., Skinna 2 bls., Sögusteinn og fundin sagnorð í umhverfinu og unnið með þau. Lokahátíð Litlu upplestrarkeppninnar.	
13. – 17.maí.	Skrift 1 bls., Skinna 2 bls., Lesrún og skrifuð saga þar sem orðin eru notuð frá vikunum á undan.	
20. – 24.maí.	Skrift 1 bls., Skinna 2 bls., Sögusteinn og stafsetning.	
27. – 31.maí.		
30.uppstigningadagur	Upprifjun og vorpróf í íslensku.	Frí 30. maí
3. – 7.júní		
6.starfsdagur	Ýmislegt skemmtilegt.	Frí 6. júní
7.skólaslit		

Námsmat:

Lesfímipróf í janúar og maí. Fyrir þá sem þurfa er auka lesfímipróf í mars. Verkefni eru metin jafnóðum.